



„Þetta er byltingin sem lætur raddir okkar hljóma“
Konur, Internetið og arabíska vorið

Fríða Sóley Hjartardóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í mannfræði
Félagsvísindasvið
Júní 2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**„Þetta er byltingin sem lætur raddir okkar hljóma“
*Konur, Internetið og arabíska vorið***

Fríða Sóley Hjartardóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði

Leiðbeinandi: Kristín Loftsdóttir

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í mannfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Fríða Sóley Hjartardóttir 2016

Reykjavík, Ísland, 2016

Útdráttur

Internetið hefur farið hratt vaxandi síðastliðin ár og eru samskiptamiðlar orðnir stór hluti af okkar daglega lífi þar sem upplýsingum er dreift á miklum hraða um heiminn. Aktívismi hefur breiðst hratt út á Internetinu og við það hafa orðið breytingar í samfélögum manna. Arabíska vorið er gott dæmi um það hvernig konur beittu aktívisma á netinu til að koma skoðunum sínum á framfæri. Ýmsar kenningar í mannfræðinni sýna að konur hafa verið flokkaðar í einkarýmið en karlar í opinbera rýmið. Einnig benda kenningarnar á að konur eru kúgaður og þaggaður hópur sem þurfi á sterkari rödd að halda til að geta tekið þátt í orðræðu samfélagsins. Í þessari ritgerð verður leitast við að athuga hvort að aktívismi á Internetinu hefur hjálpað konum við að öðlast sterkari rödd í samfélaginu. Stuðst verður við femínískar kenningar í mannfræðinni og arabíska vorið skoðað sérstaklega en þar voru konur mjög áberandi og léku þýðingarmikið hlutverk í þeirri byltingunni.

Abstract

The Internet has expanded drastically during the recent years and social media has become a big part of our daily lives as information is spread over the world at an enormous pace. As activism has spread rapidly over the Internet, human societies have accordingly changed. The Arab Spring is a good example of how women used Internet-activism to express their opinions to the public. Various anthropological theories state that women have been grouped in the private space but men in the public space. These theories also state that women are an oppressed and a silenced group that need a stronger voice to be able to participate in the public discourse. The subject of this thesis is to investigate whether Internet-activism has helped women to raise their voice in society. The investigation will be supported by feminist theories in anthropology, among with a careful examination of the Arab Spring, but women were both prominent and played an important role in that revolution.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til B.A. gráðu í mannfræði við félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Ég vil fá að þakka leiðbeinanda mínum Dr. Kristínu Loftsdóttur fyrir ánægulegt samstarf og þá ómetanlegu leiðsögn sem hún veitti mér. Einnig vil ég fá að þakka Ragnheiði Maríu Adolfsdóttur fyrir yfirllesturinn og minni yndislegri fjölskyldu fyrir alla þá aðstoð og þolinmæði sem þau hafa sýnt mér. Að lokum vil ég þakka Holtsgötuskvísunum fyrir allan þann andlega stuðning þegar á þurfti að halda.

Efnisyfirlit

Inngangur	7
1 Kenningar	9
1.1 Kyngervi út frá mannfræðinni.....	9
1.2 Fjölmiðlar.....	12
1.3 Internetið.....	13
1.4 Aktívismi á Internetinu	15
1.5 Konur og Internetið	18
2 Arabíska vorið	21
2.1 Andóf, vald og byltingar.....	21
2.2 Arabíska vorið	23
2.3 Konur, Internetið og vorið	27
3 Umræður og lokaorð	31
Heimildaskrá	34

Inngangur

Internetið er orðinn stór hluti af veruleika okkar. Um 46% af jarðarbúum hafa aðgengi af Internetinu sem eru 3,42 milljarðar manna (Kemp, 2016). Netið býður upp á fjölbreytileg tækifæri þar sem ýmislegt er hægt að sjá og gera. Margir nota það til að afla sér upplýsinga, aðrir sem tómstundagaman eins og að spila tölvuleiki, horfa á myndbönd eða hlusta á tónlist. Enn aðrir nota Internetið til að eiga í samskiptum við annað fólk og þá með hjálp Facebook, tölvupósts og Skype svo dæmi séu nefnd.

Internetið er líka tæki sem notað er í pólitískum tilgangi enda var það stofnað með það markmið í huga (Kidd, 2003, bls. 55). Internet-aktívismi eða net-aktívismi er frekar nýr af nálinni og hefur vaxið mikið síðastliðin ár. Aktívismi í einni eða annarri mynd má segja að sé jafngamall manningum en með tilkomu Internetsins hefur aktívisminn rutt sér þangað braut og birtingarmynd hans tekið breytingu.¹ Með Internetinu er hægt að koma upplýsingum og skilaboðum um viðhorf og aðgerðir út til milljóna manna á örskotshraða. Áhrifamátturinn margfaldast og aktívisminn nær nýjum víddum með hröðum og einföldum hætti (Newsom og Lengel, 2012; McCaughey og Ayers, 2003, bls. 1-3). Samskiptamiðlar hafa verið notaðir sem tæki til að dreifa boðskapnum og sem dæmi má nefna að gjarnan er boðað til mótmæla á samskiptamiðlinum Facebook. Ísland er dæmi um land þar sem flestir hafa aðgangi að Internetinu, um það bil 98% Íslendinga komast á Internetið (Kemp, 2016). Ekki hafa allir í heiminum aðgengi að Internetinu og mikilvægt er að hafa í huga að hnattvæðingin nær ekki jafnt til allra. Til að mynda í Mið-Austurlöndum eru um 53% íbúa sem hafa aðgang að netinu og í allri Afríku eru það einungis 24% íbúa sem nota Internetið. Á hinn bóginn eru um 83% Vestur-Evrópubúa sem hafa aðgang að Internetinu, munurinn er því gífurlegur (Appadurai, 2006; Kemp, 2016).

Byltingin, sem gengur undir nafninu arabíska vorið, hófst í janúar árið 2011 í Túnis en dreifðist svo hratt yfir til Egyptalands, Líbýu, Jemen og Sýrlands. Ástæða þessarar hröðu útbreiðslu byltingarinnar má meðal annars tengja við Internetið og samskiptamiðla þess. Internetið var mikilvægt verkfæri til að skipuleggja og vekja athygli á arabíska vorinu en þar

¹ Í þessari ritgerð verður orðið aktívismi og aðgerðasinni notað samhlíða fyrir enska orðið *activism*.

voru konur jafn sýnilegar og karlmenn. Á netinu gátu þær tjáð skoðanir sínar í opinbera rýminu, það er að segja því sem var að gerast út í samfélaginu, innan veggja einkarýmsins líkt og margar konur gerðu í Líbýu en einnig tóku þær þátt í mótmælunum og miðluðu upplýsingum áfram á Internetinu (Radsch, 2012; Howard og Hussain, 2011).

Það kom mörgum á Vesturlöndunum á óvart að sjá konur í fremstu víglínu í byltingunum í Mið-Austurlöndum en arabískar konur hafa oft á tíðum verið álitnar kúgaðar af feðraveldinu (Johansson-Nogués, 2013). Femínískar kenningar þeirra Ardener (1975), Ortner (1974) og Rosaldo (1980) í mannfræði hafa sýnt fram á að konur eru ólíkir einstaklinga sem búa við það að vera kúgaðar af feðraveldinu. Þessar gömlu femínísku kenningar drógu athyglina að því að nauðsynlegt er að veita konum sterkari rödd í heiminum. Konur hafa dulið vald innan veggja heimilanna, sem sagt í einkarýminu, en rödd þeirra hefur ekki fengið að heyrast nægilega hátt í hinu opinbera rými (Rosaldo, 1980). Með komu Internetsins hefur afstaðan á milli þessa tveggja rýma breyst og þá sérstaklega með aukinni notkun samfélagsmiðla og aktívisma á Internetinu (Miller, 2012; Vegh, 2003). Internet aktívismi er oft á tíðum notaður sem eins konar skilaboðaskjóða fyrir almenning með ýmsum málefnum sem rata ekki í hefðbundna fjölmiðla en sú tegund af aktívisma var mikið notaður í arabíska vorinu (Vegh, 2003; Radsch, 2012).

Í þessari ritgerð mun ég skoða mikilvægi net-aktívismans fyrir konur með því að einblína á þátt hans í arabíska vorinu. Þegar arabíska vorið hófst man ég eftir að hafa fengið boð á Facebook síðuna mína um mótmæli í Egyptalandi og Túnis. Byltingin náði alla leið til Íslands á samfélagsmiðlunum en þar voru konurnar öflugar að koma upplýsingum áfram út í heiminn. Internetið er staður fyrir bæði kynin þar sem tækifæri gefast til að koma fram nafnlaust og staðsetja sjálfan sig bæði í einka- og opinbera rýminu (Newsom og Lengel, 2012). Netið er þar af leiðandi áhugaverður vettvangur til að skoða með femínískum nálgunum.

Í ritgerðinni verður sjónum beint að mannfræðilegum kenningum. Þar verða kenningar Edwin Ardener (1975), Sherry Ortner (1974) og Michelle Rosaldo (1980) útskýrðar en þau hafa öll lagt áherslu á að skilgreina kyngervi sem félags- og menningarlega skapað. Kenningarnar benda á að konur í gegnum tíðina hafa ekki fengið tækifæri til að móta orðræðu samfélagsins en rödd þeirra verið þöggðu niður í hinu karllæga samfélagi. Þessar kenningar varpa ljósi á mikilvægi þess að veita konum rödd en sú rödd getur komið sterk

fram á Internetinu eins og reynt verður að sýna fram á hér á eftir. Í fyrsta kaflanum verður því einnig greint frá þætti fjölmiðla í mannfræði. Internetið verður síðan tekið fyrir, útskýrður verður net-aktívismi. Einnig verður fjallað um konur á Internetinu og hvernig notkun þeirra þar á sér ólíkar birtingarmyndir. Í öðrum kafla verða hugmyndir um andóf, vald og byltingar skoðaðar út frá mannfræðilegri nálgun. Umfjöllun um arabíska vorið kemur síðan í kjölfarið en fjallað verður um aðdraganda vorsins og löndin Túnis og Egyptaland tekin fyrir. Loks verður fjallað um hlutverk kvenna í vorinu og notkun þeirra á Internetinu. Í lokaorðunum verða síðan umræður og vangaveltur settar fram ásamt niðurstöðum ritgerðarinnar.

1 Kenningar

Í þessum kafla verður farið yfir almenna kenningalega nálgun sem liggur til grundvallar í ritgerðinni. Eldri femínískar kenningar í mannfræðinni verða skoðaðar í þeim tilgangi að varpa ljósi á það hvers vegna konur falla í minnihlutahóp þrátt fyrir að vera helmingur mannkynsins. Farið verður í sögu femínískra kenninga og gerð verður grein fyrir því hvernig konur hafa verið flokkaðar í gegnum tíðina.

Í seinni hluta kaflans verður farið stuttlega yfir hlutverk og áhrif miðla í mannfræðinni. Síðar verður einblínt á Internetið, hvernig Internetið hefur þróast og hvernig aktívisma á Internetinu hefur verið beitt. Allar þær kenningar sem skoðaðar verða sýna mannfræðilegt sjónarhorn og hjálpa lesendum að skilja betur efni ritgerðarinnar en mikilvægt er að gera vel grein fyrir hugtökum sem koma fram síðar.

1.1 Kyngervi út frá mannfræðinni

Konur voru áður fyrr skilgreindar sem einsleitur hópur af mannfræðingum þar sem kyn þeirra var eina viðmiðið, þær voru allar „systur“. (Lewin, 2006: 18). Upp úr 1970 fóru femínistar að styðjast við gögn úr mannfræðinni til að gera greinarmun á milli kyns (e. sex) og kyngervis (e. gender). Kyngervi var skilgreint sem félags- og menningarlega mótað á meðan að kyn væri líffræðilega mótað. Kyngervi varð að mjög mikilvægu hugtaki í kynjamannfræðinni en það sýndi fram á að konur eru mismunandi einstaklingar (Moore, 1994, bls. 10; Lewin, 2006, bls. 18-19). Tvær mikilvægar kenningar komu fram um svipað leyti frá mannfræðingunum Sherry B. Ortner og Michelle Z. Rosaldo en markmiðið var að sýna fram á að allar konur væru undirokaðar í heiminum (Moore, 1994, bls: 10). Rosaldo skrifar til dæmis í grein sinni: „Ég veit ekki um neitt stjórnkerfi þar sem búist er við því að kona sem einstaklingur eða í hóp

gegni fleiri stöðum eða hafi meira pólitískt vald en karlmaður í sama hóp.“ (Rosaldo, 1980 bls: 395)²

Rosaldo (1980) útskýrir hvernig konur og karlar eru flokkuð innan mismunandi rýma, það er þess opinbera og einkarýmis. Konur hafa verið staðsettar innan einkarýmis á meðan karlmaðurinn hefur verið í opinbera rýminu (bls. 393-395). Hún nefnir að sammannleg menning og félagslegar skipanir hafi alla tíð verið ráðandi fyrir karlmenn heimsins. Þar á hún við opinber rými samfélagsins til dæmis að tjá sig eða fá tækifæri til að andmæla í hinu opinbera rými sem eru forréttindi karlanna. Konur hafa þó vald, valdið er þó ekki eins opinbert og hjá karlmönnum heldur er það dulið vald þess sem ræður ríkjum inni á heimilinu. Vald kvenna verður til á einkasviðinu en þar fara störf þeirra fram. Konur eru skilgreindar á grundvelli líffræðilegra eiginleika sinna, þær eiga að vera heima með börnin, en þetta hugmyndakerfi samfélagsins er skapað af karlmanninum og lúta þær því í lægra haldi af þessu mótaða kerfi (Rosaldo, 1980, bls. 393-395).

Sherry Ortner (1974) setur fram þá kenningu að ástæðan fyrir því hvers vegna allar konur eru kúgaðar sé vegna hugmynda um líffræðilegan mun kynjanna, konur eru „hinar“ eða óæðri karlmönnum. Samkvæmt Ortner hafa konur verið kenndar við náttúruna vegna kvenlegra eiginleika sinna á meðan að karlmenn eru tengdir við menninguna (bls. 76-77). Undir eðlilegum kringumstæðum gengur konan með barn í níu mánuði, kemur því í heiminn og nærir það fyrstu mánuðina. Þess vegna eru konur flokkaðar nær náttúrunni og karlmaðurinn nær menningunni. Menningin tekur þátt í að viðhalda ákveðinni gerð samfélagsins með því að stýra náttúrunni eftir þeirra eigin hentugleika og leggur sem sagt áherslu á að menningarvæða (e. culturalize) náttúruna (Ortner, 1974, bls. 75). Það má heimfæra þessa líkingu við hugmyndir um karla og konur en vegna líffræðilegra eiginleika eru konur taldar vera nær náttúrunni og því þykir „eðlilegt“ að konur séu í lægri stöðu en karlar. Ortner (1974) nefnir líkt og Rosaldo að hún viti ekki um dæmi þess að konur hafi meiri völd en karlar í samfélögum heimsins (bls. 73). Til að ná fram breytingum er því mikilvægt að breyta tungumáli menningarinnar og hverjir það eru sem skapa orðræðu samfélagsins. Þá

² Upprunalegur texti: „I know of no political system in which women individually or as a group are expected to hold more offices or have more political clout than their male counterparts“.

þarf að breyta samfélagsgerðinni, meðal annars með því að setja kynjakvóta, og auka þannig hlut kvenna í ákvarðanatöku í samfélaginu (Ortner, 1974, bls. 84). Þó að þessar kenningar hafi ef til vill ekki orðið langlífur þá voru þær mikilvægar þar sem þær sýndu fram á að kyngervi væri félagslega mótað. Kenningin hjá Ortner felur þó í sér líffræðilega nauðhyggju en undirokun kvenna verður til í félagslegum kringumstæðum og ástæðan talin vera líffræðilegur munur kynjanna (Moore, 1994, bls. 11).

Önnur kenning kom fram á svipuðum tíma, sem sett var fram af mannfræðingnum Edwin Ardener (1975) um þaggaða hópa (e. muted groups). Hann bendir á að konur eru þaggaður hópur í heiminum og á sjöunda áratugnum virtust kvenkyns mannfræðingar vera hluti af þeim hópi. Margaret Mead var líklega þekktasti kvenkyns mannfræðingurinn á þessum tíma en jafnvel bækur hennar féllu í skuggann af bókum karlkyns mannfræðinga (bls. 59). Staða kvenna innan mannfræðinnar þótti góð miðað við aðrar fræðigreinar en þrátt fyrir það voru mjög fáar konur sem gengdu til dæmis stöðu prófessora í háskólum í Bretlandi. Konur hafa ætíð þurft að leggja meira af mörkum til að fá stöðuhækkun og jafna virðingu á við karla innan fræðisamfélagsins en konur hafa að auki ekki verið rannsakaðar líkt og karlmenn í mannfræðinni (Parezo, 1993, bls. 3; Ardener, 1975, bls. 60). Ardener (1975) skiptir samfélagsgerðinni í tvennt, annars vegar í ríkjandi hugmyndakerfi og hins vegar í víkjandi hugmyndakerfi. Ríkjandi hugmyndakerfi hvers samfélags skapar orðræðu þess. Konur tilheyra víkjandi/þaggaða hugmyndakerfinu þar sem þær hafa ekki möguleika á að tjá sig á tungumáli ríkjandi hugmyndakerfis karlmanna og eru því mállausar innan þess. Karlmenn skapa ríkjandi orðræðu og þeir sem eru ekki í þeirri stöðu verða að þöggðuðum hópi. Þaggaðir hópar geta einnig verið börn eða glæpamenn eða allir þeir sem ekki fá tækifæri til að skapa ríkjandi orðræðu samfélagsins (bls. 61-62). Ardener (1975) nefnir að samfélagið hafi hingað til verið skilgreint af körlum og að konur passi ekki inn í þessa skilgreiningu. Karlar hafa ekki náð að skilja allar gerðir samfélagsins, eins og samfélag kvenna, vegna þess að þeir hafa ekki kafað nógu djúpt til að reyna skilja þetta víkjandi hugmyndakerfi samfélagsins. Það er því erfiðleikum bundið fyrir þá sem tilheyra þaggaða hópnunum að láta rödd sína heyrast. Að því leyti fá konur ekki tækifæri til þess koma sínum hugmyndum á framfæri og taka þannig þátt í að skapa orðræðu samfélagsins (bls. 62).

Kenningarnar hér að ofan sýna okkur að konum hefur í gegnum tíðina verið skipað í minnihlutahóp og verið kúgaðar af alþjóðasamfélaginu. Ardener (1975), Ortner (1974) og

Rosaldo (1980) eru sammála um að mikilvægt sé að konur fái að láta rödd sína heyrast, hugmyndir og skoðanir þeirra þurfi að koma fram og bæði karlar og konur þurfi að vera virkir þátttakendur í að skapa orðræðu samfélagsins. Mikilvægi þessarar kenningar er því að konur fái að nota atbeina sinn frekar til að rödd þeirra fái að heyrast sterkari í samfélaginu. Miðlar er mögulega ein leiðin til að láta rödd kvenna heyrast betur en rannsóknir hafa sýnt að Internetið getur til að mynda veitt minnihlutahópum sterkari rödd í samfélaginu (Ollivier, Robbins, Beauregard, Brayton og Sauv , 2006, bls. 446).

1.2 Fjölmiðlar

Fjölmiðlar skipa stóran sess í samfélögum manna og er stundum sagt að fjölmiðlar séu fjórða valdið í samfélaginu (Eygló Árnadóttir, Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2010, bls. 35). Fjölmiðlar eru þar af leiðandi athyglisverður vettvangur fyrir mannfræðinga að rannsaka, meðal annars það hversu veigamikið valdahlutverk fjölmiðlar hafa (Ginsburg, Abu-Lughod og Larkin, 2002, bls. 5).

Árið 1993 skrifaði mannfræðingurinn Debra Spitulnik (1993, bls 293) grein um að kominn væri tími til að fjölmiðlar væru rannsakaðir meira af mannfræðingum. Hún nefnir að fjölmiðlar hafi mismunandi sjónarhorn sem vert er að beina sjónum að. Mikilvægt er að skoða hvernig fjölmiðlar mynda mismunandi menningarleg gildi í hverju samfélagi fyrir sig og hvaða hlutverki þeir gegna í mótun félagslegra tengsla og sjálfumleika (e. identity) fólks.

Mannfræðingurinn Arjun Appadurai bjó til að mynda til nýyrðið *mediascape* sem lýsir því valdi sem fjölmiðlar hafa (Ginsburg, Abu-Lughod og Larkin, 2002, bls. 1). Mannfræðingar þurfa að sjá að samfélagið er að breytast hratt og taka þarf mið af flæðinu sem á sér stað í heiminum. Flæði fólks, landamæri, menning, tækni og fleira er sífellt á hreyfingu og um leið breytast áherslurnar í mannfræðinni. Með tilkomu fjölmiðla geta einstaklingar gert sér í hugarlund möguleikann á betra lífi annars staðar (Appadurai, 1996, bls. 54). Appadurai (1996) nefnir að þetta sé orðið að félagslegri hefð (e. social practice) sem getur haft neikvæðar afleiðingar. Fólk sem lifir í mikilli neyð og býr við mikla fátækt getur séð fyrir sér betra líf en það er hins vegar mun erfiðara fyrir það að láta drauminn verða að veruleika (bls. 54). Mannfræðingurinn Benedict Anderson setti einnig fram hugmynd um þjóðríkið sem ímyndað samfélag. Fjölmiðlar eiga stóran þátt í því að búa til þá ímynd en þjóðríkið hefur einnig mikið um það að segja hvaða efni fær að birtast til dæmis eru flestar útvarps- og sjónvarpsstöðvar ríkisreknar (Ginsburg, Abu-Lughod og Larkin, 2002, bls. 11-12).

Mannfræði fjölmiðla er fjölbreyttur vettvangur. Sumir mannfræðingar hafa skoðað fjölmiðla út frá sjónrænni mannfræði, það er hvernig mannfræðingar hafa notast við fjölmiðla til að kynna „hina“ (e. others). Aðrir hafa skoðað þau félagslegu tengsl sem fjölmiðlar skapa og enn aðrir hvernig fjölmiðlar geta myndað pólitískt afl eins og menningarlegan aktívisma (e. cultural activism) (Ginsburg, Abu-Lughod og Larkin, 2002, bls. 4-5). Fjölmiðlar eru jafnframt skoðaðar út frá öðrum fræðigreinum en femínískar rannsóknir hafa meðal annars beinst að konum í fjölmiðlum. Rannsóknir hafa sýnt að konur eru þar einnig þaggaðar hópur. Ekki er fjallað um konur í sama mæli og karla í fjölmiðlum og fjölmiðlar virðast viðhalda orðræðu og viðmiðum samfélagsins (Helga Þórey Björnsdóttir og Kristín Loftsdóttir, 2005). Mannfræðingarnir Helga Þórey Björnsdóttir og Kristín Loftsdóttir (2005) skoðuðu ljósmyndir sem birtust á forsíðum dagblaðsins Fréttablaðið í einn mánuð og í ljós kom að karlmenn birtust þar talsvert oftar heldur en konur eða 70% oftar. Konur á Íslandi eru í miklum minnihlutahópi bæði sem umfjöllunarefni fjölmiðla og á meðal þeirra sem starfa í fjölmiðlum (Eygló Árnadóttir, Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2010, bls. 35). Líkt og komið hefur fram gefa rannsóknir til kynna að Internetið getur gefið minnihlutahópum hærra rödd í samfélaginu (Ollivier, Robbins, Beauregard, Brayton og Sauv , 2006, bls. 446).

1.3 Internetið

Þegar fjallað er um Internetið er átt við net tölvuneta (e. electronic network) sem eru tengd saman með stöðluðum formum og gera einstaklingum kleift að eiga í samskiptum og miðla upplýsingum (DiMaggio, Hargittai, Neuman og Robinson, 2001, bls. 307). Internetið hefur vaxið hratt síðastliðin þrjátíu ár en mannfræðin hefur lengi vel ekki verið jafn virk og aðrar fræðigreinar í að rannsaka Internetið (Wilson og Peterson, 2002, bls. 449-450). Internetið hefur þó skapað nýjar gerðir af sjálfsmyndum (e. identity) og um leið ójöfnuði (DiMaggio o.fl., 2001, bls. 309). Mannfræðilegar rannsóknir hafa jafnframt sýnt að netið sé mikilvægur vettvangur til að varpa ljósi á mismunandi tegundir af samfélagsskipunum (Wilson og Peterson, 2002, bls. 456).

Internetið á sér langan aðdraganda eða allt frá því þegar Kalda stríðið hófst. Árið 1957 hófust Bandaríkjamenn handa við gerð Internetsins í kjölfar þess að Rússar smíðuðu gervitunglið *Sputnik*. Undirbúningur var langur og unnu vísindamenn frá Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu að því að búa til boðskiptakerfi (e. communication system) með það að

markmiði að dreifa upplýsingum og stuðla að aukinni tækni bæði í hernaðarlegum tilgangi auk þess að tengja net háskóla og rannsóknastofnana saman (Kidd, 2003, bls. 55). Internetið varð þó ekki aðgengilegt öllum fyrr en um 1990 þegar menn úr viðskiptaheiminum sýndu netinu áhuga og fengu leyfi til að taka þátt í að hanna Internetið (DiMaggo o.fl, 2001, bls. 307). Áherslurnar breyttust og Internetið fór frá því að vera vettvangur fyrir upplýsingamiðlun í hernaðarlegum tilgangi í það að verða aðgengilegt einkaaðilum. Á sama tíma jókst notkunin og aðgengi að netinu fór hraðvaxandi á mjög stuttum tíma. Um 1993 voru um það bil 3 milljónir manna með aðgengi að netinu og fimm árum síðar voru notendur orðnir um 100 milljónir (Kidd, 2003, bls. 56 og Hart, 2004, bls. 22). Samfélagsmiðlar (e. social networking sites) hafa svo bæst í hópinn við þróun Internetsins en tilkoma þeirra hefur meðal annars leitt til þess að trufla sambandið á milli einka- og opinbers rýmisins. Facebook hefur til að mynda sameinað þessi rými í eitt heildarrými (Horst, 2012, bls. 62; Miller, 2012, bls. 149).

Nú til dags tilheyra flestir einstaklingar fleiru en einu samfélagi og hnattvæðing er mikilvægur liður í þeirri breytingu. Segja má að á Internetinu verði til nokkurs konar samfélög. Fræðimenn hafa velt því fyrir sér hvort líta megi á samfélög sem þróast á Internetinu sem raunveruleg eða ímynduð samfélög (Wilson og Peterson, 2002, bls. 456). Sumir fræðimenn hafa nefnt að netið sé endursköpun á ótengdum (e. offline) samfélögum. Mannfræðingurinn Daniel Miller (2012) heldur því fram að samfélagsmiðlar á Internetinu séu nátengdir gömlum mannfræðilegum rannsóknum á félagslegum tengslum, til dæmis Facebook sem sameinar fjölskyldur og vini á einn stað og í eitt kerfi (e. network) en brenglar hins vegar mörkin á milli vinnu og heimilis. Það má því ekki einungis líta á samfélagsmiðla sem einhvers konar hreyfingar sem verða til vegna aukins hraða í heiminum heldur einnig vettvang þar sem fólk getur leitað eftir félagslegum tengslum sem það ef til vill hræðist í raunheiminum (bls. 147).

Það eru þó ekki allir sem hafa aðgang að Internetinu en líkt og áður hefur komið fram eru um 46% af fólki í heiminum sem notar netið. Einungis 29% í heimsálfunni Afríku hafa aðgengi að Internetinu á meðan um 83% í Vestur Evrópu hafa aðgang að því. Þetta er gífurlegur munur og Internetið getur því skapað mikinn ójöfnuð á milli heimsálfa (Kemp, 2016). Arjun Appadurai (2006) hefur nefnt að hnattvæðingin sem viðgengst í heiminum sé ekki aðgengileg fyrir alla. Flæði fólks, tækni, peningar og landmæri er vissulega stór hluti af

heiminum en á hinn bóginn eru þó ekki allir sem fá að taka þátt í þessu flæði (bls. 624-625, 631). Flæðið verður til á Vesturlöndum en það komast ekki allir að þessu flæði. Hnattvæðingin getur lokað mörgum dyrum fyrir „hina“ – eða þá sem fá ekki tækifæri til að skapa hina almennu orðræðu í heiminum, á meðan hnattvæðing opnar dyrnar fyrir fólk á Vesturlöndum. Appadurai (2006) nefnir að það sé mikilvægt að vera meðvitaður um þessa misskiptingu og nauðsynlegt sé að veita „hinum“ rödd. Grasnótahreyfingar og aðgerðarsinnar geta aðstoðað „hina“ við það að öðlast sterkari rödd í samfélaginu en þau geta myndað tengsl á milli svæðisbundinna hópa (e. locals) og þjóðríkja (bls. 631). Samfélagsmiðlar eru mikilvæg verkfæri fyrir grasnótahreyfingar og aktívista við að uppskera rödd í heiminum. Þeir geta verið notaðir á mismunandi hátt, ein leiðin er að nota þá í pólitískum tilgangi til þess að ná fram samfélagslegum breytingum í heiminum (Radsch og Khamis, 2013, bls. 883).

1.4 Aktívismi á Internetinu

Menningarlegur aktívismi (e. cultural activism) tók að myndast um 1980 þegar minnihlutahópar notuðu atbeina sinn til að miðla til fólks þeim veruleika sem það bjó við og mótmæltu í leiðinni valdaformgerðinni sem ríkti í samfélögum þeirra (Ginsburg, Abu-Lughod og Larkin, 2002, bls. 7-8). Menningarlegur aktívismi á sér fjölbreyttar birtingarmyndir en bandaríski mannfræðingurinn Georges Marcus nefnir að aktívismi sé ekki einungis „til að ná fram hefðbundnum markmiðum að samfélagslegum breytingum heldur er þrá eftir frelsandi verkefnum, að geta varpað fram umræðu um borgararéttindi [...] í samræmi við hefðbundna orðræðu um pólitík og borgarlegt samfélag“³ (Ginsburg, Abu-Lughod og Larkin, 2002, bls. 8). Menningarlegur aktívismi er mikið notaður á ýmsum miðlum svo sem Internetinu sem orðið er mikilvægt verkfæri til þess að vekja athygli á álitamálum í samfélögum og ólíkum

³ Upprunalegur texti: „pursue traditional goals of broad-based social change through a politics of identity and representation [...] emancipatory projects...raising fresh issues about citizenship and the shape of public spheres within the frame and terms of traditional discourse on polity and civil society.“

sjónarhornum á þau. Notkun netsins í því skyni hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár og er orðin stór partur af okkar dagsdaglega veruleika (McCaughey og Ayers, 2003, bls. 1).

Aðgerðasinnar hafa nýtt sér tækniframfarir Internetsins til að koma skoðunum sínum á framfæri. Í kjölfar tækniþróunarinnar hafa fræðimenn þurft að endurhugsa og endurskilgreina hugtök eins og lýðræðislegt rými, sameiginlega sjálfsmynd (e. collective identity) og samfélag upp á nýtt, hvaða þýðingu hefur merking þeirra breyst með komu Internetsins (Vegh, 2003, bls. 71; McCaughey og Ayers, 2003, bls. 1).

Net-aktívismi (e. cyberactivism) er pólitískur aktívismi sem á sér stað á Internetinu. Samkvæmt félagsfræðingnum Phillip Howard er internet-aktívismi „Athöfn þegar Internetið er notað til að koma pólitískum málstað á framfæri þar sem erfitt er að gera utan netsins“⁴ (Radsch og Khamis, 2013, bls: 883). Aðgerðarsinnar á Internetinu eiga sér margar birtingarmyndir, allt frá heimasíðum með pólitískum skopstælingum til stærri, alþjóðlegra samtaka, eins og Amnesty International, þar sem Internetið er gífurlega þýðingarmikill fyrir pólitískar breytingar (McCaughey og Ayers, 2003, bls. 1). Hann getur spurt spurninga eins og t.d. hvað drífur áfram félagslegar breytingar í dag og ekki hvað síst, þá getur Internetið gert okkur kleift að eiga í samskiptum við aðra án þess að vera sýnileg. Líkaminn, rýmið og tíminn verða að umhugsunarefni, en aðgerðasinnar hafa til að mynda ávallt lagt áherslu á að einstaklingurinn sé sýnilegur. Birtingarmynd einstaklingsins verður á annan máta á Internetinu (McCaughey og Ayers, 2003, bls. 3-5).

Fræðimaðurinn Sandor Vegh (2003) nefnir að aktívismi á Internetinu sé stundaður með almennri vitund um það að tilgangurinn sé að koma ákveðnum skilaboðum á framfæri. Fjölmíðlar stjórna miklu það hvaða erindi og upplýsingar komast til almennings. Aktívistar reyna að hagnýta sér Internetið sem skilaboðaskjóðu fyrir þau málefni sem ekki hljóta náð fyrir augum fjölmiðla og fá þar ekki rými. Þessi nálgun net-aktívisma er mjög athyglisverð þegar einræðisríki eru skoðuð. Ríkisstjórnir einræðisríkja ráða mestu, ef ekki öllu, um það hvaða fréttir heyrast í landinu. Internetið er eini vettvangurinn þar sem hægt er að ná til fólks nánast alls staðar í heiminum þar sem netvæðing er til staðar á annað borð og birta efni

⁴ Upprunalegur texti: „the act of using the Internet to advance a political cause that is difficult to advance offline.“

sem er aðgengilegt allan sólarhringinn fólki að kostnaðarlausu (bls. 72;74). Vert er þó að hafa í huga að sum lönd eins og Norður-Kórea hafa lokað aðgangi almennings að Internetinu og eru einungis stjórnámálmenn sem geta notað það (Sparkes, 2014, 23. desember). Til þess að net-aktívisminn geti haft áhrif á samfélagið þarf hann að ná út fyrir staðbundna þekkingu (e. local knowledge) það er að segja til breiðari hóps af fólki. Hugtakið „götublaðamennska“ (e. citizen journalism) hefur til að mynda fengið nýja merkingu og nær nú yfir hinn almenni borgari. Hann sér til þess að dreifa þekkingu eða málefnum með hjálp Internetsins sem ríkisstjórn eða stærstu fjölmiðlar viðkomandi ríkis hafa ákveðið að fjalla ekki um og haft þannig áhrif út fyrir landsteinana. Internetið getur þó líka myndað gap á milli þess hvaða upplýsingar eru birtar og hverjar ekki. Ríkisstjórnir geta lokað fyrir upplýsingaflæðið og tekið yfir stjórn netmiðla. Net-aktívismi getur enn fremur leitt til misskiptingar á milli hópa en það eru ekki allir sem hafa aðgang að Internetinu (Newsom og Lengel, 2012).

Aktívismi á Internetinu á sér fjölbreyttar birtingarmyndir og er Internetinu er beitt á ýmsan hátt til að koma tilteknum skilaboðum á framfæri. Í fyrsta lagi má nefna að netinu er gjarnan beitt til þess að boða til mótmæla þar sem staður og stund eru nefnd á Internetinu. Í öðru lagi er netið notað til að efna til aðgerða á Internetinu, til dæmis þegar fjöldi fólks ákveður að senda tölvupóst á einhvern einstakling innan samfélagsins til þess að þrýsta á breytingar. Enn ein tegund af aktívisma á Internetinu er starfsemi svonefndra hakkara (e. hackers) en hún felst í því að ná að ráðast inn á ákveðnar vefsíður eða gagnabanka, sem gjarnan eru opinberar, til þess að valda sem mestum skaða og koma með þeim hætti málefnum sínum eða mótmælum á framfæri (Vegh, 2003, bls. 74-75).

Net-aktívismi er sem sé verkfæri sem hægt er að beita á mun hraðari hátt og öflugri enn hinum hefðbundna aktívisma. Hann hefur verið skilgreindur innan hins svokallaða þriðja rýmis þar sem reglur samfélagsins eru settar til hliðar og jaðarhópum er veitt rödd og hvatt til samfélagslegra breytinga (Newsom og Lengel, 2012). Sá möguleiki að geta tjáð skoðanir sínar á netinu gerir jaðarhópum kleift að tjá sig á frjálsgan hátt án þess að hræðast þá einangrun frá samfélaginu sem minnihlutahópar glíma oft við. Einstaklingar geta tjáð sig undir nafnleynd sem veitir þeim frelsi. Rannsóknir hafa sýnt að fólk í meiri- og minnihlutahópum tjáir sig í jafn miklum mæli á Internetinu (Dashti, Al-Abdullah og Johar, 2015).

1.5 Konur og Internetið

Líkt og Rosaldo (1980) fjallaði um fyrir 30 árum síðan hafa konur verið staðsettar í einkarýminu og karlar í því opinbera. Í opinbera rýminu gefst einstaklingnum tækifæri til að láta rödd sína heyrast opinberlega í samfélaginu en valdið og tjáningin í einkarýminu er dulið (bls. 393-395). Internetið virðist hafa tekist að gera skilin óljósari á milli opinbers og einkarýmis en Internetið á heima í báðum rýmum. Internetið er skapað í karllægu rými þar sem hugmyndir um tækni er kynjaðar. Lengi vel hefur verið álitnið sem svo að tæknin væri bara enn eitt leikfangið fyrir stráka. Rannsóknir frá árinu 1990, eða þegar tæknivæðingin var að ryðja sér til rúms, sýndu að karlar virtust mun fljótari að kynna og tileinka sér tækninýjungar heldur en konur. Karlar og konur virðast einnig nota Internetið á mismunandi hátt, konur meira sem spjallsvæði á meðan karlar spila frekar tölvuleiki og hala niður ýmsu efni. En eftir því sem tíminn hefur liðið hafa hlutirnir breyst og þróast konum í vil. Nýlegar tölur sýna að konur og karlar virðast vera orðin jafnvíg þegar kemur að notkun Internetsins á Vesturlöndum (Hilbert, 2011, bls. 480-481). Árið 1995 var fjórða ráðstefna Sameinuðu þjóðanna haldin um aukið jafnrétti í heiminum (Þingskjal nr. 971/1995-1996). Kastljósinu var meðal annars beint að konum og fjölmiðlum þar sem lögð var áhersla á að sýna fram á mismunandi birtingarmyndir kvenna í fjölmiðlum í þeim tilgangi að draga úr þeirri staðalímynd kvenna sem gjarnan var dregin upp í fjölmiðlum. Annar mikilvægur þáttur á ráðstefnunni var valdefling kvenna á Internetinu en Internetið getur haft jákvæð áhrif á konur (UN Women, 1995).

Internetið getur verið afar þýðingarmikið sem verkfæri til að hvetja einstaklinga áfram, sérstaklega fólk í minnihlutahópum og þar með talið konur, sé það hagnýtt í réttum tilgangi (Onyejekwe, 2011, bls. 53, 54; Ollivier, Robbins, Beauregard, Brayton & Sauvé, 2006, bls. 446). Internetið getur aukið sjálfsöruggi og sjálfstæði kvenna sem einstaklinga með gerendahæfni og hvatt þær til að láta rödd sína heyrast. Samtök sem berjast fyrir kvenréttindum hafa sprottið upp á Internetinu og náð að dreifa boðskapnum á mun hraðari og áhrifaríkari hátt en ella en þessi samtök hafa til að mynda hjálpað konum að ná fram réttlæti í ýmsum baráttumálum sínum. Internetið hefur þar að auki hjálpað til við að sameina konur og eft þær á pólitíska sviðinu, komið þeim í stjórnarstöður og hvatt til menntunar. Það eru margir kostir við Internetið sem geta eft starfsemi og samtakamátt kvenna en gallarnir eru þó líka fyrir hendi. Það hafa ekki allar konur aðgengi að Internetinu. Aðgengi að Internetinu er ójafnt, en flestir þeirra sem búa við aðgengi eru þeir sem hafa betri menntun

eða eru hærra settir í samfélaginu (Kemp, 2016; Onyejekwe, 2011, bls. 59). Það er hægt að segja að tæknin og Internetið geti því leitt til ójafnaðar í samfélaginu. Þeir sem ekki hafa fengið kennslu á tölvur eiga minni möguleika á að fá vinnu. Þetta getur orðið að vítahring þar sem einstaklingar sem ná ekki að auka tæknikunnáttu sína sitja eftir og ná því heldur ekki að auka tekjur sínar vegna þess að viðkomandi fær ekki vinnu. Þetta á sérstaklega við um konur en 1,4 milljarður kvenna í heiminum býr við sára fátækt og eru útilokaðar frá grunngerð samfélagsins (Onyejekwe, 2011, bls. 59). Onyejekwe (2011) telur að aðgengi á Internetinu eigi að teljast til mannréttinda vegna þeirra miklu möguleika sem tæknivæðingin hefur upp á að bjóða (bls. 59).

Femínistar hafa nýtt sér aktívisma á Internetinu og eru mörg samtök sem hafa verið stofnuð bæði á Internetinu eða færst sig yfir á Internetið til að berjast fyrir baráttumálum kvenna. Frjálsu félagasamtökin NOW eða National Organization for Women voru stofnuð árið 1960 í Bandaríkjunum. Þegar Internetið kom fram á sjónarsviðið þá færðu samtökin sig yfir á netið og hafa verið mjög virk þar. Þau stofnuðu til að mynda blogg síðu þar sem fólk gat tjáð sig á frjálsan hátt um hvað sem er og er NOW einnig með Twitter, Facebook og Instagram aðgang (Ayers, 2003, bls. 146; National Organization for Women, 2016).

Annað dæmi sem vert er að nefna átti sér stað hér á landi þegar íslenskar konur nýttu sér Internetið til að vekja athygli á því misrétti sem þær hafa verið beittar í samfélaginu. Fyrir tæpu ári síðan, eða 25. maí 2015 loguðu samskiptamiðlarnir Facebook og Twitter. Þar sameinuðust konur og töluðu opinskátt um það kynferðisofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir. Málín vöktu gífurlega athygli en konurnar fóru að setja myllumerkið eða „hashtaggið“ (#) þöggun fyrir framan sögurnar sem gerði það að verkum að sögurnar dreifuðst víða um Internetið. Helstu fjölmiðlar landsins tóku viðtöl við þolendur kynferðisbrota og málefnið var á flestra vörum þessa mánuði („Ég kenndi sjálfri mér um“, 2015). Segja má að um eins konar byltingu hafi verið að ræða sem færðist einnig út fyrir Internetið þegar hin árlega drusluganga var haldin það sama sumar. Í þetta skipti var hún tileinkuð þolendum kynferðisofbeldis og var undirstrikað mikilvægi þess að færa ábyrgðina frá þolendum yfir á gerendur (Facebook.com, 2015). Internetið spilaði stórt hlutverk við að marka þetta nýja upphaf kvennabyltingar á Íslandi.

Femínistar í Íran hafa einnig notað Internetið ötullega við að auka jafnrétti í heimalandi sínu. Árið 2005 fóru kvennahreyfingar í Íran að færa sig yfir á Internetið. Á þessum tíma var

Mahmoud Ahmadinejad við völd en mikil ritskoðun átti sér stað í landinu og málfrelsi var lítið sem ekkert. Strangt eftirlit var með félagasamtökum og ekki var leyfilegt að standa fyrir viðburðum í hinu opinbera rými samfélagsins. Samtökin ákváðu þá að snúa sér að Internetinu og byrjuðu herferðir á netinu til að vekja athygli á þeim málstað sem þær vildu koma á framfæri. Þar gátu allir sem vildu verið virkir þátttakendur sent inn greinar, fengið að vera á tölvupóstlista og tekið á móti fréttum frá hinum ýmsum félagsamtökum. Herferðirnar urðu þýðingarmiklar og skiptu sköpum í mörgum baráttumálum fyrir íranskar konur. Ein herferðin náði til að mynda að koma í veg fyrir að ný lög á írnska þinginu yrðu samþykkt. Fjölskylduverndun eða Family Protection Bill var frumvarp sem lagt var fram árið 2008. Með því átti að veita heimild til fjölkvænis, tímabundinnar giftingar og fleira sem leiða myndi til skertra réttindi kvenna í Íran. Með hjálp Internetsins var sendur út póstur á póstlista margra kvennahópa í Íran þar sem herferð gegn frumvarpinu var skipulögð og að lokum sameinuðust kvennahreyfingar landsins í eina herferð gegn frumvarpinu. Daginn sem átti leggja frumvarpið fyrir þingið voru tölvupóstar sendir til allra þingmanna þar sem frumvarpinu var mótmælt. Niðurstaða þingsins varð sú að samþykkja ekki frumvarpið og talið er að barátta kvennanna með hjálp Internetsins hafi þar skipt sköpum (Abbasgholizadeh, 2014, bls. 832, 837).

Þessi dæmi hér að ofan sýna að Internetið getur svo sannarlega nýst sem valdeflandi tæki fyrir konur til að berjast fyrir réttindum sínum. Það hefur hjálpað til við að sameina þær á pólitíska sviðinu og veitt þeim sterkari rödd í samfélaginu. Arabíska vorið sem skoðað verður ítarlega í næsta kafla ritgerðarinnar er afgerandi dæmi þar sem konur jafnt sem karlar hagnýttu Internetið til að koma hugmyndum og skoðunum sínum á framfæri og náðu fram breytingum í samfélaginu. Internetið getur því haft gífurlega mikilvæga þýðingu sem atbeini fyrir konur í heiminum.

2 Arabíska vorið

Í þessum kafla verður sagt frá arabíska vorinu, upphafinu og endalokum þess. Fjallað verður sérstaklega um tvö lönd í því skyni, Egyptaland og Túnis. Greint verður ítarlega frá því sem átti sér stað í Norður Afríku og Mið-Austurlöndunum en mikilvægt er að gefa greinagóða lýsingu á þeim atburðum til þess að skilja efni ritgerðarinnar betur. Til þess að setja textann í mannfræðilegt samhengi mun ég byrja á að útskýra það hvers vegna andóf og byltingar verða til í samfélögum út frá mannfræðilegum kenningum. Síðar verður farið í að varpa ljósi á það ástand sem myndaðist í Egyptalandi og í Túnis.

2.1 Andóf, vald og byltingar

Í öllum samfélögum myndast einhvers konar deilur sem snúast oftast um skoðanir, vald, kyngervi og fleira. Þessar deilur hafa áhrif á það hvernig almenningur leitast við að endurskilgreina þessa þætti samfélagsins en þegar einstaklingar vilja breyta eða endurskilgreina þessa þætti samfélagsins fylgja gjarnan mótmæli, byltingar eða andóf í kjölfarið (Hulda Proppé, 2004, bls. 295). Sherry Ortner (1995) telur að andóf geti þó verið margskonar og átt sér stað dags daglega. Hún varpar fram þeirri spurningu að hvaða leyti við getum talað um eitthvað sem andóf í samfélaginu? Áður fyrr var andóf skoðað sem fyrirbæri í andstöðu við stjórnvöld eða yfirvaldi, að andóf væri gegn ríkjandi stofnanabundnu valdi í samfélaginu (bls. 175). Ortner (1995) nefnir að andóf og vald eru ekki alltaf andstæður heldur getur valdið boðið upp á ýmsa möguleika. Hún gagnrýnir etnógrafískar rannsóknir fyrir að kafa ekki nógu djúpt til að skoða hvernig andóf verður til og rannsóknir á því séu því þunnar rannsóknir (bls. 180). Mikilvægt er að velta fyrir sér hvað liggur á bakvið andófið, og skoða vel tengsl á milli kúgaða hópsins og þeirra sem hafa valdið, en einnig telur Ortner að mikilvægt sé að vera pólitískur í rannsóknum sínum. Það þarf að setja gerendahæfni (e. agency) einstaklingsins á oddinn þar sem andóf er breytilegt ferli líkt og einstaklingar eru ólíkar félagslegar verur (Ortner, 1995, bls. 190-191). Lila Abu-Lughod (1990) hefur nefnt að andófsrannsóknir hafi oft á tíðum borið með sér rómantískan blæ. Hún vill leggja áherslu á að rannsóknir á andófi hjálpi til við að greina hvar valdið býr í samfélaginu (bls. 42). Hún vitnar þar í Foucault en hann var meðal þeirra fyrstu til að skilgreina vald sem flæðandi en ekki einungis stofnanabundið vald (Abu-Lughod, 1990, bls. 42; Ortner, 1995, bls. 175). Hún bendir á að í staðinn fyrir að skoða andóf sem einhvers konar frelsi þá getur andófið sýnt okkur mismunandi valdaform í samfélaginu. Nauðsynlegt sé að móta kenningar sem fela í sér

andófshugmyndir kvenna í minnihlutahópum þar sem þær andæfa þeirri valdagerð sem ríkir í samfélaginu. Andófið getur verið mismunandi og ekki alltaf pólitískt og þá sérstaklega hjá konum í minnihlutahópum (Kristín Loftsdóttir, 2004: 315).

Líkt og komið hefur fram hér að ofan hefur þótt erfitt að staðsetja hugtakið vald. Vald getur verið mismunandi og felur mun meira í sér en að hafa vald yfir einhverjum. Valdefling er ákveðin tegund af valdi og hér verður sérstaklega fjallað um valdeflingu á meðal kvenna sem getur verið margskonar. Valdefling sjálfins er mikilvæg, að konur valdefli sjálfar sig í að framkvæma, að þær noti atbeina sinn og nýti hann til að hafa áhrif á samfélagið. Valdefling meðal kvenna er að auki mikilvæg, þegar þær koma saman og mynda tengslanet í hópum og samtökum hvetur þær áfram til að ná fram markmiðum sínum. Í þriðja lagi er það svo valdeflandi athöfn, þar sem konur nota atbeina sinn í eigin lífi til að taka ákvarðanir varðandi eigin menntun og afkomu (Townsend, Zapata, Rowlands, Alberti & Mercado, 1991, bls. 2-3). Valdefling kvenna gerir þær að virkum gerendum í samfélaginu en konur hafa ekki verið álitnir pólitískir gerendur. Henriette L. Moore (1988) hefur hins vegar bent á að þegar bylting verður til eru konur oft í fremstu víglínu og gegna veigamiklu hlutverki þar en þegar ríkisstjórnir komast til valda í kjölfar byltingar sitja konurnar eftir (bls. 171). Ríkisvaldið virðist því vera alltof karllægt og þjónar því þörfum karlanna fremur en þörfum kvenna. Konur og karlar búa við mismunandi tengsl við ríkið, það ríkir ójafnvægi á milli karla og kvenna varðandi möguleika til áhrifa á ríkið en karlar virðast hafa þar meiri áhrifamátt. Vert er þó að hafa í huga að kynþáttur, stétt og þjóðernishópur hjá einstaklingnum spilar einnig stórt hlutverk þegar áhrifamáttur kynjanna er skilgreindur (Moore, 1988, bls. 150). Oft á tíðum virðast lög og reglur um borgararéttindi hafa kynjagslagsíðu. Þar má nefna mörg arabísk ríki, til dæmis Súdan og Egyptaland, en þar virðist konan vera táknmynd menningar og hefða. Í arabíska vorinu, byltingunni sem fram fór meðal annars í Egyptalandi, létu konur í sér heyra og börðust meðal annars fyrir auknum kvenréttindum, mikil von var á meðal fólksins um að byltingin myndi marka upphafið að lýðræðisumbótum í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku (Hafez, 2013, bls. 86-87).

2.2 Arabíska vorið

Upphaf arabíska vorsins, eins og það hefur verið kallað, má rekja til þess þegar götusölumaðurinn Mohamed Bouaziz kveikti í sér þann 17. desember 2010 fyrir framan stjórnarráð í Sidi Bouzid litlu þorp í Túnis. Mohamed hafði staðið lengi fyrir mótmælum vegna sektar sem hann hafði fengið og verið niðurlægður og barinn margoft af stjórnarhermönnum vegna mótmæla sinna sem leiddi loks til þess að hann kveikti í sér á endanum (Howard & Hussain, 2011, bls. 36). Í kjölfar þessara atburða spratt upp fjöldahreyfing almennings, einræðisherranum Ben Ali var steipt af stóli á mjög skömmum tíma og byltingasinnar komust til valda. Nágrannalönd við Túnis fylltust innblæstri og byltingin náði að breiðast yfir í önnur lönd í Norður Afríku og Mið-Austurlöndum til dæmis, Egyptalands, Líbýu, Yemen og Sírylands (Alvi, 2015, bls. 302; Al-Saleh, 2015a, bls. 2).

Það kom ekki mörgum á óvart þegar byltingin hófst í Túnis. Andóf meðal almennings í Túnis gegn einræðisstjórninni sem ríkti í landinu hafði kraumað undið mjög lengi (Alvi, 2015, bls. 302; Howard & Hussain, 2011, bls. 47). Það sem kom hins vegar á óvart var á hversu skömmum tíma tókst að steypa forseta Túnis af stóli en innan mánuðar frá því að Bouazaiz kveikti í sér var forseti Túnis, Zine el-Abidine Ben Ali, flúinn (Al-Saleh, 2015a, bls. 2; Howard & Hussain, 2011, bls. 36). Ben Ali komst til valda 1987 er hann náði að hrekja fyrsta forseta Túnis, Habib Bourguiba frá völdum. Bourguiba er þekktur fyrir að hafa fært Túnis sjálfstæði frá Frökkum og var hann kjörinn forseti árið 1957 (Al-Saleh, 2015b, bls. 19-20). Samfélagsmiðlar á Internetinu og unga fólkið í landinu spiluðu stórt hlutverk og voru í fremstu víglínu þegar byltingin náði hámarki. Þegar Bouazaiz lá í sárum sínum á spítalanum eftir sjálfsvígðuna barst saga hans víða en þó ekki í gegnum ríkisfjölmiðla heldur bloggsíður, smáskilaboð og samskiptamiðla. Frændi Bouazaiz sem var aktívisti gegn sitjandi ríkisstjórn hafði farið á vettvang þegar hann frétti að einhver hefði kveikt í sér fyrir framan stjórnarráðið. Hann hafði þó ekki hugmynd um að þetta væri frændi hans. Hann tók myndir og birti þær á Facebook síðunni sinni sama kvöld og myndirnar dreifðust hratt um netið (Lageman, 2016; Howard & Hussain, 2011, bls. 36). Almennigur efndi til mótmæla gegn sitjandi ríkisstjórn og samúð myndaðist með fjölskyldu og vinum Bouazaiz. Mótmælin beindust gegn hinu mikla atvinnuleysi sem var í landinu og þeirri spillingu sem viðgekkst á meðal valdahafandi yfirstéttar. Mótmælin urðu stærri og hávæari með hverjum deginum sem leið og um miðjan janúar, þegar yfirmaður hersins neitaði að taka við skipun frá Ben-Ali um að beita hernum á mótmælendum, sá forsetinn að hann var að missa völdin. Daginn eftir

flúði hann yfir til Sádí-Arabíu og lýðurinn fylltist von um að alvöru lýðræði myndi komast á í Túnis (Al-Saleh, 2015b, bls. 19-20).

Samskiptamiðlarnir voru helstu verkfæri mótmælenda í byltingunni í Túnis. Fólk notaði Facebook, bloggsíður, YouTube og Twitter til að skipuleggja næstu mótmæli en einnig til að sýna utanaðkomandi þjóðum hvað væri að gerast í Túnis og vekja athygli erlendra fjölmiðla. Þegar skopmyndband af forsetanum birtist á vídeó-síðunni YouTube reyndi ríkisstjórnin að grípa til róttækra aðferða og loka á YouTube og Facebook. Það gekk þó ekki, fólkið færði sig þá yfir á bloggsíður og hélt þar áfram að fjalla um ástandið í Túnis og skipuleggja næstu mótmæli undir nafnleynd (Howard & Hussain, 2011, bls. 36). Aðgerðasinnar notuðust við götublaðamennsku sem auðveldaði við að dreifa fréttum til hins almenna borgara um það sem átti sér stað og einnig um réttindi þeirra. Götublaðamennskan, eða hinn almenni borgari, var þar að auki eini „fjölmiðillinn“ sem sagði fréttir frá arabíska vorinu þar sem ríkisfjölmiðillinn forðaðist alla umfjöllun um uppreisnina (Radsch, 2012, bls. 11). Smáskilaboð voru einnig mikilvæg í byltingunni en þegar ríkisstjórnin lokaði á helstu samskiptamiðla landsins voru sms-skilaboð helsta verkfæri fólksins, þar sem flestir í landinu höfðu aðgengi að farsímum. Samfélög hakkara reyndu að hjálpa aktívistum við að opna nýjar heimasíður og hanna nýtt hugbúnaðarkerfi til að þeir gætu haldið áfram að blogga og miðla upplýsingum. Ríkisstjórnin brást við með því að handtaka bloggarana en þeir héldu þó áfram að taka myndir og setja á Internetið. Erlendir fjölmiðlar fjölluðu mikið um það sem fór fram í Túnis og það hafði einnig áhrif til hvatningar fyrir Túnisbúa. Þar í landi varð vitundarvakning þar sem fólk áttaði sig á því hversu gífurleg spilling átti sér stað innan ríkisstjórnarinnar og valdastéttarinnar. Fréttaveitan *Al Jazerra* var þýðingarmikil og dugleg við að koma skilaboðum áfram til erlendra fjölmiðla (Howard & Hussain, 2011, bls. 37, 45). Aktívistinn Ahlem Yazidi lýsir því vel hvernig ástandið var í Túnis á meðan að byltingin stóð sem hæst og hvernig Internetið gagnaðist þeim í baráttunni:

Internetið, sérstaklega samfélagsmiðlarnir, gerðu aðgerðasinninum kleift að skipuleggja og kalla út mannskap með undraverðum hraða. Aðgerðarsinnar kölluðu á almennt herútboð sem ber vott um styrk og andspyrnu. Flagg okkar var túníski fáninn, og búið að setja á hann svarta rönd og slettur af táknrænu blóði, sem merktu blóðið sem fórn að hafði verið af nýjstu píslarvottum þjóðarinnar. Á meðan ég sat fylgdust augu mín með ljóslifandi myndum og myndböndum frá þungamiðju átakanna. Myndskeiðin urðu stöðugt grimhari og blóðugri. Næstum því tafarlaust gat ég ásamt félögum mínum deilt myndum, ekki

einungis okkar á milli, heldur einnig á meðal stærstu fjölmiðla heimsins. Við bættum við lýsingum okkar, sjónarvottanna, og deildum slóðum á mörg myndbönd, en sum þeirra sýndu ólýsanlegt ofbeldi og hrottaskap. (Yazidi, 2015, bls. 29) ⁵

Egyptaland fylgdi Túnis eftir í byltingunni þegar hún náði hámarki í Túnis. Líkt og í Túnis viðgekkst mikil spilling í landinu en forsetinn Hosni Mubarak hafði verið við völd allt frá árinu 1981. Byltingin í Egyptalandi hófst þegar fréttir bárust frá Túnis um að forsetinn Ben-Ali hefði flúið land. Egyptar höfðu fylgst náið með uppreisninni í gegnum samskiptamiðla á Internetinu og við það kviknaði von um að hlutirnir gætu líka breyst í Egyptalandi (Al-Saleh, 2015c, bls. 51-52; Howard & Hussain, 2011, bls. 38). Það sem greinir aftur móti Egyptaland frá Túnis er að þar eru mun fleiri íbúar sem hafa aðgang að Internetinu heldur en í Túnis. Egyptaland er í öðru sæti yfir mestu Internetnotkun í Mið-Austurlöndum. Egyptar eiga einnig flestir farsíma og því bárust fréttirnar frá Túnis mjög fljótt yfir til Egyptalands (Howard & Hussain, 2011, bls. 38). Upphaf byltingarinnar í Egyptalandi mátti einnig rekja til dauða ungs manns sem hét Khaled Said en hann hafði verið barinn til dauða af lögreglu ríkisstjórnarinnar. Almennigur þrammaði niður göturnar þann 25. janúar 2011 í átt að Tharir torginu í höfuðborg Egyptalands, Kaíró, með skilti sem á stóð: „Við erum öll Khaled Said“. Myndirnar af Khaled Said fóru hratt um hinn stóra heim Internetsins, minningarsíður á Facebook voru stofnaðar, myndir af honum á spítalanum voru birtar þar sem vel sást hversu illa hann var farinn og samúð myndaðist, líkt og í Túnis, með fjölskyldu og vinum Khaled. Wael Ghonim var forsprakki Facebook hóps með yfirskriftinni „við erum öll Khaled Said“ en hann varð aðal talsmaður byltingarinnar í Egyptalandi á Twitter. Þar gat hann sagt frá því

⁵ Upprunalegur texti: „The Internet, especially the social networks, made it possible for activists to organize and mobilize with surprising speed. The activists were calling for general mobilization, a show of strength and defiance. Our banner was the Tunisian flag, but one with a black band and splatters of symbolic blood, which stood for the sacrificial blood of the nation’s newest martyrs. As I sat there, my eyes wearily followed the vivid photos and video footage from the heart of the conflict. The scenes became more and more atrocious and bloody. Almost instantaneously, my colleagues and I were able to share images not only with one another but also with websites of the biggest world media outlets. We added our own eyewitness comments and links to many videos, some showing unspeakable violence and brutality. ”

sem var að gerast í landinu sínu. Ríkisstjórn Egyptalands lét á endanum handtaka Wael Ghonim en þá taldi Facebook hópur hans yfir 300 þúsund meðlimi (Howard & Hussain, 2011, bls. 38-39; Al-Saleh, 2015c, bls. 51-52).

Ríkisstjórn Mubarak reyndi allt hvað hún gat til að stoppa mótmælendur og á vissum tímamarki ríkti borgarastyrjöld í landinu þar sem almenningur barðist við ríkislögregluna. Fleiri hundruð manns létu lífið í mótmælunum og voru mótmælin talsvert harðari heldur en í Túnis. Mubarak hélt ræður þar sem hann reyndi að minna fólk á þau góðu verk sem hann hafði unnið að fyrir þjóðina en á endanum gafst hann upp og hvarf frá völdum þann 11. febrúar 2011 (Hamdy, 2012, bls. 44; Al-Saleh, 2015c, bls. 53). Á meðan Mubarak var við völd gerði hann sitt ítrasta til að loka fyrir Internetið og alla samskiptamiðla því þeir voru helsta vopn aðgerðasinna. Föstudaginn 28. janúar, þegar mótmælin stóðu sem hæst, var Internetinu lokað í fjóra daga. Bara sú lokun leiddi til þess að skuldir ríkisstjórnarinnar jukust um 90 milljónir Bandaríkjadollara og missti landið jafnframt orðspor sitt sem land fjárfestinga (Howard & Hussain, 2011, bls. 44-45).

Samfélagsmiðlarnir léku afar stórt hlutverk í arabíska vorinu. Vert er þó að undirstrika að samfélagsmiðlarnir leiddu ekki til byltinganna. Mikil óánægja hafði lengi kraumað á meðal fólksins í þessum löndum vegna mikils atvinnuleysis, fátæktar og spillingar. Hins vegar má spyrja hvort að arabíska vorið hefði náð jafn mikilli útbreiðslu og leitt til jafn mikils árangurs og raun ber vitni án samfélagsmiðlana? Margar byltingar hafa sprottið upp í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku sem ekki hafa náð að steypa forsetum af stóli. Samfélagsmiðlarnir hjálpuðu mikið við að skipuleggja mótmælin og að dreifa fréttum til erlendra fjölmiðla sem settu arabíska vorið í heimsfréttirnar (Howard & Hussain, 2011, bls. 47). Arabíska vorið veitti fólkinu von um að lýðræði kæmist á og að almenningur gæti kosið nýjar ríkisstjórnir. Þó svo að aðeins hafi tekist að fella ríkisstjórnir í Túnis og Egyptalandi í byltingunum og boða þar til lýðræðislegra kosninga ríkir þar ennþá mikil óreiða í stjórnámálum. Í öðrum löndum sem tóku þátt í vorinu ríkir enn stríð, eins og í Sýrlandi þar sem enn er blóðug borgarastyrjöld og þúsundir manna flýja landið á hverjum degi (Al-Saleh, 2015a, bls. 2-3; Dickinson, 2015, 22. október).

Konur í arabíska vorinu höfðu mikilvægu hlutverki að gegna í aðdraganda byltingarinnar og í sjálfri byltingunni. Hér á eftir mun ég gera grein frá hlutverki þeirra (Radsch & Khamis, 2013, bls. 881).

2.3 Konur, Internetið og vorið

Við viljum fara á Tahrir torgið þann 25. janúar [...]. Sýndu virðingu og karlmennsku og komdu með mér þann 25. janúar [...]. Ef þú sýnir virðingu og sæmd líkt og karlmaður, komdu...komdu þá og verndaðu mig og aðrar stúlkur í mótmælunum [...]. Ef þú verður eftir heima, þá áttu skilið allt það kemur fyrir þig [...]. Komdu með okkur og krefstu réttinda þinna, minna réttinda, réttinda fjölskyldu þinnar. (Alvi, 2015, bls. 307-308)⁶

Þessi orð hér að ofan birtust í myndbandi frá aktívistanum Asmaa Mahfouz en hún var ein af þeim mörgu konum sem mótmæltu í arabíska vorinu. Hún setti myndbandið inn á myndbandssíðuna YouTube þann 18. janúar 2011 og hvatti fólk til að koma á Tahrir torgið í Kaíró, höfuðborg Egyptalands (Alvi, 2015, bls. 307-308). Það kom mörgum á óvart og þá sérstaklega á Vesturlöndum að sjá konur í fremstu víglínu mótmælanna í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Staðalímynd kvenna í Arabalöndum hefur verið sú að þær séu kúgaðar og með lítinn sem engan atbeina því feðraveldið ræður ríkjum (Johansson-Nogués, 2013, bls. 393). Þegar Asmaa Mahfouz setti myndbandið á YouTube vakti það gífurlega athygli en mörg hundruð þúsund manns mættu á Tahrir torgið þann 25. janúar til að mótmæla einræðisstjórn Mubarak (Asmaa Mahfouz & the YouTube Video that helped Spark the Egyptian Uprising, 2011).

Túnis er líklegast lengst komið í kvenréttindabaráttu af þeim löndum sem tóku þátt í arabíska vorinu. Fyrsti forseti landsins Habib Bourguiba undirstrikaði mikilvægi þess að konur hefðu jafnan rétt á við karla. Hann gerði sér grein fyrir því að nauðsynlegt væri að veita konum aukinn rétt því það myndi bæta efnahaginn og nútímavæða landið. Lög voru sett sem juku réttindi þeirra í einkarýminu svo sem lög um forræði barna, skilnað og framfærslueyri. Þegar Ben-Ali komst til valda viðhélt hann þessum réttindum kvenna og auk þess fengu konur jafnan aðgang að menntun á við karlmenn. Það er því ólíklegt að Ben-Ali hafi grunað að konur myndu einnig verða í fremstu víglínu í mótmælum gegn honum (Alvi, 2015, bls.

⁶ Upprunalegur texti: „We want to go down to Tahrir Square on January 25th. Let him have some honor and manhood and come with me on Jan. 25th. If you have honor and dignity as a man, come...come and protect me and other girls in the protest. If you stay at home, the you deserve all that's being done to you. Come down with us and demand your rights, my rights, your family's rights.”

302; Johansson-Nogués, 2013, bls. 397-398). Það sama má segja um egypskar konur. Þær fengu meiri réttindi, eins og kosningarétt, þegar fyrrum forseti landsins Abdel Gamal Nasser sá að það myndi stuðla að bættum efnahag landsins.

Von vaknaði á meðal kvennanna um aukin réttindi þegar arabíska vorið hófst og mótmælin brutust út. Þær notuðu krafta samfélagsmiðlana til að miðla upplýsingum áfram en Internetið hefur raskað skilunum á milli opinbers og einkarýmis (Radsch og Khamis, 2013, bls. 881). Líkt og kenningarnar í fyrsta kaflanum gefa til kynna þá hafa konur ekki fengið tækifæri til að taka þátt í að skapa orðræðu samfélagsins en í vorinu gátu þær lýst eigin reynslu og upplifun sinni með eigin orðum eða líkt og aðgerðasinninn Nasser sagði: „Þetta er byltingin sem lætur raddir okkar hljóma“ ⁷ (Radsch og Khamis, 2013, bls. 887). Facebook, Twitter og YouTube voru helstu vopn kvennanna á tímum arabíska vorsins. Facebook notkun jókst til muna á tímum byltinganna, en áður en þær hófust voru um það bil 13% af íbúum þáttökulandanna í arabíska vorinu á Facebook. Þegar komið var inn í miðja byltingu hafði notkunin aukist um 68% (Radsch og Khamis, 2013, bls. 887; Radsch, 2012, bls. 7). Það voru þó ekki allir sem komust í tölvur og á netið en þær konur sem tóku þátt í byltingunni á samfélagsmiðlunum voru aðallega konur í fræðaheiminum og í efri millistéttum. Þær bjuggu við þann möguleika að geta tjáð sig nafnlaust og skapað nýja ímynd án þess að þurfa að óttast að vera í einhvers konar hættu (Newsom og Lengel, 2012, bls. 33).

Rannsóknir hafa sýnt að konurnar í vorinu notuðu samfélagsmiðlana til að upplýsa fólk um aðdraganda og framgang byltingarinnar en einnig til að miðla upplýsingum áfram til fjölmiðla. Karlar notuðu aftur á móti samfélagsmiðlana aðallega til að greina frá byltingunni og skipuleggja mótmæli. Þegar samfélagsmiðlar eru notaðar dreifast upplýsingarnar hratt um allan heim og auðvelt er að afla sér vitneskju um það sem gerist á þeim miðlum. Hvort sem einstaklingur er á Íslandi eða í Japan þá getur hann verið að lesa sömu fréttina á sama tíma. Það sem hjálpaði arabíska vorinu að ná eins mikilli útbreiðslu og raun bar vitni var tengslanetið sem samfélagsmiðlarnir skapa (Radsch, 2012, bls. 9). Þeir sem voru þegar með aðgang að einhvers konar samfélagsmiðli voru fljótari að ná sambandi við erlenda fjölmiðla. Til að mynda voru konur sem héldu út vinsælum samskiptamiðlum, líkt og Twitter og

⁷ Upprunulegur texti: This is the revolution of making our voices heard)

bloggsíðum, sem urðu upplýsingafulltrúar erlendra fjölmiðla og upplýstu þá jafnóðum um byltinguna. Aktívistinn Ben Mhenni frá Túnis bloggaði til að mynda á arabísku, ensku, frönsku og þýsku um stöðu mála þar í landi. Hún ferðaðist síðar um og birti myndir og skrifaði um mótmælin í Túnis. Þó að byltingin sé liðin hjá þá heldur hún skrifunum samt sem áður áfram og skrifar um það óréttlæti sem enn ríkir. Hún nefnir að konur í Túnis hafi tekið þátt í byltingunni bæði á götunni en einnig á bak við skjáinn. Þær voru með frá upphafi og á öllum stigum byltingarinnar (Radsch, 2012 bls. 12-14; Mehenni, 2016).

Mannfræðingurinn Henriette L. Moore (1988) heldur því fram að konur séu oft í fararbroddi byltinga en missi svo völdin þegar ný ríkisstjórn tekur til valda. Það má segja að þannig hafi það einnig verið í arabíska vorinu (bls. 171). Konurnar gegndu mjög veigamiklu hlutverki á samfélagsmiðlum og miðluðu upplýsingum áfram til erlendra fjölmiðla (Radsch og Khamis, 2013, bls. 886). Tawwakol Karman var til að mynda fyrsta arabíska konan til að hljóta Friðarverðlaun Nóbels en þau fékk hún fyrir það að vera femínískur aktívisti bæði fyrir og á meðan á arabíska vorinu stóð. Hún hvatti fólk til að taka þátt í mótmælunum í Jemen og var kölluð móðir byltingarinnar þar í landi (Radsch og Khamis, 2013, bls. 885; Nobel Women's Initiative, e.d).

Margar egypskar konur lýstu því að þær hafi aldrei fundið sig jafn öruggar og í upphafi mótmælanna í byltingunni þar sem karlar og konur voru jafnir einstaklingar. Konurnar voru með eigin gerendahæfni sem sáu tækifæri til að geta breytt stöðunni í landinu sínu. Þær gegndu mikilvægu pólitísku og félagslegu hlutverki í arabíska vorinu og birtust myndir af þeim í fréttum alls staðar í heiminum haldandi á skiltum, öskrandi og reiðar út í ríkisstjórn landsins (Al-Ali, 2011, bls. 27; Maalmi, 2015, bls. 46). Þegar leið undir lok byltingarinnar og herinn hafði tekið völd upphófst kúgun kvenna að nýju. Þær urðu meðal annars fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu valdhafa, voru handteknar og svokölluð meydómspróf (e. virginity tests) voru gerð á konum í Egyptalandi. Kynferðisofbeldið sem konurnar voru beittar var líklegast í þeim tilgangi að hvetja konur til að taka ekki frekari þátt í mótmælum heldur halda sig heima. Það má því segja að konunum hafa verið stýrt aftur inn í einkarýmið þegar byltingunni lauk. Þeim var gerð vel grein fyrir því að þær tilheyrðu hinum þaggaða hópi og að þeirra hlutverk væri inni á heimilinu en ekki í opinbera rýminu. Samfélagsmiðlarnir hjálpuðu þó einnig til við að vekja athygli á þessu ofbeldi sem konurnar urðu fyrir og myndir bárust hratt um Internetið (Johansson-Nogués, 2013, bls. 399-400).

Mikil óvissa er um hvað framtíðin ber í skauti sér í þessum löndum. Staða kvenna hefur ekki batnað eftir byltinguna og ef eitthvað er þá hefur hún líklegast farið versnandi frá því sem var. Í kosningunum í Túnis árið 2011 voru aðeins 3 konur ráðherrar af 41. Að auki voru fáar konur á framboðslistum fyrir kosningarnar. Konur í Egyptalandi upplifðu það sama en aðeins 12 af 498 fengu sæti á þinginu. Stjórnarskráin sem sett var í lok 2012 kom ekki í veg fyrir misrétti á konum til dæmis varðandi lágmarks giftingaraldur þeirra eða lög um skilnað. Kvenréttindasamtök hafa verið sökuð um að hafa unnið náíð með fyrrum ríkisstjórn landsins og þar með hafa lög sem snúa að réttindum kvenna verið gerð ógild. Konur í Túnis og Egyptalandi hafa einnig nefnt að kynferðisleg áreitni í hinu opinbera rými hafi aukist og konur sem tóku þátt í mótmælunum hafa í auknum mæli orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, til dæmis þegar þegar því var fagnað árið 2013, að tvö ár voru liðin frá byltingunum voru margar konur beittar kynferðislegu ofbeldi (Johansson-Nogués, 2013, bls. 402-403).

Arabíska vorið hefur því einnig ollið vonbrigðum. Konurnar sem tóku þátt í byltingunni vonuðust eftir breyttu samfélagi þar sem réttindi þeirra myndu aukast og fleiri konur yrðu sýnilegri á hinu pólitíska sviði. Byltingin hefur ekki veitt þeim aðgengi að stjórnámálum og hugmyndir þeirra um gildi og viðmið eru ekki tekin alvarlega (Johansson-Nogués, 2013, bls. 403). Í janúar 2015 var aktivistinn Shaimaa el-Sabbagh skotinn til bana af lögreglunni fyrir það eitt að mótmæla friðsamlega og leggja blómvönd á minningarreit um þá sem fallið höfðu í arabíska vorinu. Hún, ásamt 40 öðrum, höfðu komið saman á Tharir torgið í Kaíró degi áður en halda átti upp á fjögurra ára afmæli arabíska vorsins. Þetta er ekki eina dæmið því í janúar 2013 voru hundruð manna drepin í friðsamlegum mótmælum af lögreglunni. Sama refsing liggur við því að drepa mótmælenda og því að taka þátt í ólöglegum mótmælum í Egyptalandi (Kirkpatrick, 2015, 3. febrúar; Egypt: Retrial for policeman accused of killing Shaimaa el-Sabbagh, 2016, 14. febrúar). Tvö þúsund konur hafa verið handteknar af egypska ríkinu og 92 hafa verið drepnar (Wilson Center Home, 2016). Rúm fimm ár eru liðin frá því að arabíska vorið hófst með von um breytingar í loftinu um lýðræðislegt samfélag. Frelsi kvenna virðist ekki hafa aukist eins og við mátti búast og því má spyrja sig hvort veturinn hafi skollíð strax á án þess að sumarið léti að sér kveða. Mikilvægt er að konurnar haldi áfram að láta í sér heyra og berjast fyrir auknu aðgengi að opinbera rýminu.

3 Umræður og lokaorð

Í þessari ritgerð hef ég leitast við að skoða hvort Internetið geti verið valdeflandi tæki fyrir konur, hvort að aktívismi á Internetinu geti hjálpað konum að koma hugmyndum og skoðunum sínum á framfæri. Ég hafði til hliðsjónar eldri femínískar kenningar til að skilja betur hvernig konur hafa verið flokkaðar í gegnum árin. Arabíska vorið var tekið sem dæmi um það hvernig konur notuðu Internetið sem tæki til að koma skoðunum sínum á framfæri.

Í gegnum tíðina hafa konur verið skilgreindar sem kúgaður hópur með lítinn sem engan atbeina. Eldri femínískar kenningar í mannfræðinni hafa bent okkur á að konur eru þaggaður hópur þar sem þær hafa ekki fengið tækifæri til að skapa orðræðu samfélagsins (Ardener, 1975). Sherry Ortner (1974) setti fram kenningu á áttunda áratugnum þar sem hún reyndi að útskýra hvers vegna konur hafa verið undirokaðar í gegnum tíðina. Hún líkti því við menninguna og náttúruna, þar sem konan sé nær náttúrunni vegna líffræðilegra, kvenlegra eiginleika sinna á meðan að karlmaðurinn er talinn vera nær menningunni. Náttúrunni hefur verið stjórnað af menningunni líkt og konum hefur verið stjórnað af körlum. Michelle Rosaldo (1980) setti einnig fram kenningu um kúgun kvenna þar sem hún lýsti því að konur væru með vald en það væri ekki eins sýnilegt og hjá körlum. Vald þeirra er í einkarýminu á meðan vald karlmanna er í opinbera rýminu. Þar fær karlmaðurinn tækifæri til að tjá sig og koma skoðunum sínum á framfæri sem er mun erfiðara í einkarýminu. Nauðsynlegt er að konur fái tækifæri til að færa sig yfir í opinbera rýmið til að láta rödd sína heyrast. Allar kenningarnar hér að ofan bentu á mikilvægi þess að konur og karlar stæðu saman til að auka jafnrétti í heiminum og nauðsynlegt er að veita konum sterkari rödd í heiminum.

Ég ákvað að taka arabíska vorið sem umfjöllunarefni vegna þess að það dregur vel fram hvernig konum tókst að verða sýnilegar í opinbera rýminu. Þær notuðust aðallega við Internetið sem tæki til að koma skoðunum sínum á framfæri en aktívismi á Internetinu er öflug leið til að láta í sér heyra. Internetið á meðal annars rætur að rekja til Kalda stríðsins og var í upphafi einungis ætlað að vera upplýsingamiðill (Kidd, 2003, bls. 55). Tæknin hefur þróast og Internetið er orðið stór hluti af okkar lífi. Pólitískur aktívismi á Internetinu hagnýtir sér netið sem tæki til að miðla upplýsingum áfram á fjölbreyttan hátt. Það hefur sýnt sig að net-aktívismi veitir minnihlutahópum rödd og og nafnleynd sem veitir þeim frelsi til að skrifa um þau málefni sem þeim liggur á hjarta (Dashti, Al-Abdullah og Johar, 2015). Samskiptamiðlarnir voru eitt helsta afl fólksins í arabíska vorinu sem ríkti í Norður Afríku og

Mið-Austurlöndum árið 2010 – 2011. Þeir voru notaðir til að miðla upplýsingum áfram út fyrir landsteinanna og til að skipuleggja mótmæli í þeim löndum þar sem arabíska vorið fór fram (Howard & Hussain, 2011, bls. 47). Samskiptamiðlarnir hafa riðlað mörkunum á milli opinbera og einkarýmisins og fengu konur í arabíska vorinu tækifæri til að fara inn í opinbera rýmið. Það kom mörgum á óvart á Vesturlöndum að sjá arabískar konur fara út og mótmæla þar sem arabískar konur þykja kúgaðar af feðraveldinu. Þær vöktu athygli á þeirri spillingu sem ríkti í löndunum. Þetta var byltingin þeirra, þær voru ekki lengur þaggaður hópur heldur fengu þær að segja það sem þær vildu. Þeim var ekki lengur stjórnað af menningunni heldur stjórnðu þær sér sjálfar. Ein þessara kvenna, Asmaa Mahfouz, var meðal annars sú sem náði að hvetja fleiri þúsund manns á Tharir torgið í Kaíró til að mótmæla (Alvi, 2015, bls. 307-308). Baráttumyndir af konunum birtust í fréttum um allan heim og urðu þær að nokkurs konar tákni fyrir byltinguna. Það er þó sorgleg staðreynd að þegar leið á byltinguna var þeim aftur ýtt inn í einkarýmið af nýjum valdhöfum þar sem þær urðu að kúguðum hópi í hinu opinbera rými. Þær urðu fyrir kynferðislegu ofbeldi og misbeitingu og misstu frá sér valdið á hinu pólitíska sviði. Það má því segja að skrif Henriette L. Moore (1988) um mikilvægi kvenna í byltingum og hlutskipti þeirra í kjölfar þeirra fái nokkurs konar staðfestingu með arabíska vorinu.

Niðurstöður ritgerðarinnar eru því þær að Internetið getur verið valdeflandi tæki fyrir konur og þá sérstaklega net-aktívisma þeirra. Konur geta staðið fyrir sinni eigin orðræðu og barist fyrir ýmsum málefnum á netinu. Mikilvægt er þó að hafa í huga að ekki eru allar konur sem hafa tækifæri til að taka þátt í þessari valdeflingu vegna skorts á aðgengi að Internetinu. Líkt og mannfræðingurinn Appadurai (2006, bls. 631) hefur nefnt er þó mikilvægt að veita „hinum“ rödd út í samfélagið. Konur hafa verið flokkaðar sem „hinar“ og því er nauðsynlegt að þær fái að koma rödd sinni áfram. Internet-aktívismi býður upp á margar leiðir til að berjast fyrir réttindum fólks og er hraðvirk skilaboðaskjóða út í heiminn. Ég er sammála fræðikonunni Onyejekwe (2011, bls. 59) um að aðgangur að Internetinu eigi að vera mannréttindamál og berjast eigi fyrir því að allir fái aðgang að því. Netið getur veitt fólki margvísleg tækifæri. Hafa þarf þó í huga að netið er vettvangur sem auðvelt er misnota og er hefndarklám dæmi um slíkt grafalvarlegt vandamál. Ég tel að arabíska vorið gefi jákvæða mynd af net-aktívisma fyrir konur. Á hinn bóginn virtust konur þó ekki hafa náð að komast inn á hinn pólitíska vettvang þegar byltingunni lauk og sátu því eftir með sárt ennið. Þær hafa orðið fyrir margskonar misbeitingu vegna þess eins að hafa tekið þátt í mótmælunum.

Internetið er því ekki bjargvætturinn í baráttu fyrir auknu kynjajafnrétti en getur þó engu að síður hjálpað mikið til. Þetta var þó byltingin þeirra þar sem þær fengu að láta ljós sitt skína og er mikilvægt að þær fái að halda því áfram og að allar þær konur sem vilja fái að nota Internet-aktívisma til að auka kynjajafnrétti í heiminum. Mannfræðin getur hjálpað til með því að fjalla um aktívisma á netinu og vekja athygli á því hversu Internetið og samskiptamiðlar eru orðin þýðingarmikil öfl í daglegu lífi og allir eigi rétt á að fá að taka þátt í áframhaldandi þróun þeirra.

Heimildaskrá

- Abbasgholizadeh, M. (2014). "To do something we are unable to do in Iran": Cyberspace, the public sphere, and the Iranian women's movement. *Signs journal of Women in Culture and Society*, 39(4). 831-839. Sótt af <http://www.journals.uchicago.edu/doi/full/10.1086/675722>
- Abu-Lughod, L. (1990). The romance of resistance: Tracing transformations of power through Bedouin women. *American Ethnologist: Journal of the American Ethnological Society*, 17(1). 41-55. Sótt af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1525/ae.1990.17.1.02a00030/abstract>
- Al-Ali, N. (2012). Gendering the Arab Spring. *Middle East Journal of Culture and Communcation*, 5 (26-31). Sótt af <http://eprints.soas.ac.uk/13493/>
- Al-Saleh, A. (2015a). Introduction. Í A. Al-Saleh (ritstjóri), *Voices of the Arab Spring: Personal stories from the Arab revolutions* (bls. 1-18). New York: Columbia University Press.
- Al-Saleh, A. (2015b). Tunisia. Í A. Al-Saleh (ritstjóri), *Voices of the Arab Spring: Personal stories from the Arab revolutions* (bls. 19-21). New York: Columbia University Press.
- Al-Saleh, A. (2015c). Egypt. Í A. Al-Saleh (ritstjóri), *Voices of the Arab Spring: Personal stories from the Arab revolutions* (bls. 51-54). New York: Columbia University Press.
- Alvi, H. (2015). Women's rights movements in the 'Arab Spring': Major Victories or Faillures for Human Rights? *Journal of International Women's Studies*, 16(19). 294-318. Sótt af <http://vc.bridgew.edu/jiws/vol16/iss3/19/>
- Appadurai, A. (1996). *Modernity at large: Cultural dimensions of globalization*. Minneapolis: The University of Minnesota Press.
- Appadurai, A. (2000). Grassroots globalization and the research imagination. Í H.L. Moore og T. Sanders (ritstjórar), *Anthropology in theory issues in epistemology* (bls. 622-634). Malden: Blackwell Publishing.
- Ardener, E. (1975). The 'problem' revisited. Í E. Lewin (ritstjóri), *Feminist anthropology: a reader* (bls. 59-65). Boston: Blackwell Publishing.
- Asmaa Mahfouz & the YouTube Video that helped spark the Egyptian Uprising. (2011, 8. febrúar). *Democracy Now*. Sótt af http://www.democracynow.org/2011/2/8/asmaa_mahfouz_the_youtube_video_that

- Ayers, M. D. (2003). Democracy, new social movements, and the Internet: A habermasian analysis. Í M. McCaughey og M. D. Ayers (ritstjórar), *Cyberactivism: Online activism in theory and practice* (bls. 145-165). London: Routledge.
- Dashti, A. A., Al-Abdullah, H. H. og Johar, H. A. (2015). Social Media and the spiral of silence: The case of Kuwaiti Female Students Political Discourse on Twitter. *Journal of International Women's Studies*, 16(3). 42-53. Sótt af <http://vc.bridgew.edu/jiws/vol16/iss3/4/>
- Dickinson, E. (2015, 22. október). After 4 years of war, why are so many fleeing Syria now? For many, support just ran out. *The world Post*. Sótt af http://www.huffingtonpost.com/elizabeth-dickinson/fleeing-syria-now-support-ran-out_b_8352146.html
- DiMaggio, P., Hargittai, E., Neuman, W. R. og Robinson, J. P. (2001). Social implications of the Internet. *Annual Review of Sociology*, 27, 307-336. Sótt af <https://www.princeton.edu/~artspol/workpap/WP17%20%20DiMaggio,%20Hargittai,%20Neuman,%20Robinson.pdf>
- Egypt: Retrial for policeman accused of killing Shaimaa el-Sabbagh. (2016, 14. febrúar). *bbc.com*. Sótt af <http://www.bbc.com/news/world-middle-east-35574004>
- Eygló Árnadóttir, Valgerður Anna Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2010). Konar og karlar í fjölmiðlum. Ísland í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun. Í Helga Ólafs og Hulda Proppé (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI: félags- og mannvísindadeild: erindi flutt á ráðstefnu í október 2010* (bls. 35-45). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- „Ég kenndi sjálfri mér um“. (2015, 29. maí). *Mbl.is* Sótt af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/05/29/eg_kenndi_sjalfri_mer_um_4/
- Facebook.com (2015). Druslugangan 2015 // Slut Walk 2015. Sótt af <https://www.facebook.com/events/660007350767512/>
- Ginsburg, F. D., Abu-Lughod, L. og Larkin, B. (2002). Introduction. Í F. D. Ginsburg, L. Abu-Lughod og B. Larkin (ritstjórar), *Media worlds: Anthropology on a new terrain* (1-36). Berkeley: University of California Press.
- Hafez, S. (2013). Gender and citizenship center stage: Sondra Hale's legacy and Egypt's ongoing revolution. *Journal of Middle East Women's Studies*, 10(1). 82- 104. Sótt af http://www.jstor.org/stable/10.2979/jmiddeastwomstud.10.1.82?seq=1#page_scan_t ab_contents

- Hamdy, S. F. (2012). Strength and vulnerability after Egypt's Arab Spring uprisings. *American Ethnologist: journal of the American Ethnological Society*, 39(1). 43-48. Sótt af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1548-1425.2011.01345.x/full>
- Hart, K. (2004). Notes towards an anthropology of the Internet. *Horizontes antropológicos*, 10(21), 15-40. Sótt af http://www.scielo.br/scielo.php?script=sci_arttext&pid=S0104-71832004000100002
- Helga Þórey Björnsdóttir og Kristín Loftsdóttir. (2005). Í fréttum er þetta helst: Myndræn og kynjuð orðræða fjölmiðla. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI: félagsvísindadeild: erindi flutt á ráðstefnu í október 2005* (bls. 367-377). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hilbert, M. (2011). Digital gender divide or technologically empowered women in developing countries? A typical case of lies, damned lies and statistics. *Womens studies international forum*, 34(6). 478-489. Sótt af <http://www.martinhilbert.net/DigitalGenderDivide.pdf>
- Howard, P. N. og Hussain, M. M. (2011). The upheavals in Egypt and Tunisia: The role of digital media. *Journal of Democracy*, 22(3), 35-48. Sótt af http://fsi.stanford.edu/sites/default/files/HowardHussain_RoleOfDigitalMedia.pdf
- Hulda Proppé. (2004). Hér er ég, bara kyngdu því: rými, vald og andóf í íslenskum sjávarbyggðum. Í Irma Erlingsdóttir (ritstjóri), *Fléttur II: Kynjafræði – kortlagningar* (bls. 293-311). Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.
- Johansson-Nogués, E. (2013). Gendering the Arab spring? Rights and (in)security of Tunisian, Egyptian and Libyan women. *Sage Journals*, 44(5-6), 393-409. Sótt af <http://sdi.sagepub.com/content/44/5-6/393.full.pdf+html>
- Kemp, S. (2016). Digital in 2016. Sótt af <http://wearesocial.com/uk/special-reports/digital-in-2016>
- Kidd, D. (2003). Indymedia.org: A new communication commons. Í M. McCaughey og M. D. Ayers (ritstjórar), *Cyberactivism: Online activism in theory and practice* (bls. 47-71). London: Routledge.
- Kirkpatrick, D. D. (2015, 3. febrúar). Coming to Mourn Tahrir Square's Dead, and Joining Them Instead: Killing of Shaimaa el-Sabbagh in Cairo Angers Egyptians. *The New York Times*. Sótt af <http://www.nytimes.com/2015/02/04/world/middleeast/shaimaa-el-sabbagh-tahrir-square-killing-angers-egyptians.html>

- Kristín Loftsdóttir. (2004). Staðið á sama: vald og andóf WoDaaBe kvenna. Í Irma Erlingsdóttir (ritstjóri), *Fléttur II: Kynjafræði – kortlagningar* (bls. 313-331). Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands.
- Lageman, T. (2016, 3. júní). Mohamed Bouazizi: Was the Arab Spring worth dying for? *Aljazeera*. Sótt af <http://www.aljazeera.com/news/2015/12/mohamed-bouazizi-arab-spring-worth-dying-151228093743375.html>
- Lewin, E. (2006). Introduction. Í E. Lewin (ritstjóri), *Feminist anthropology. A reader* (bls. 1-38). Boston: Blackwell Publishing.
- Maalmi, N. (2015). The smell of jasmine: The Tunisian revolution from the outside. Í A. Al-Saleh (ritstjóri), *Voices of the Arab Spring: Personal stories from the Arab revolutions* (bls. 46-50). New York: Columbia University Press.
- McCaughey, M. og Ayers, M. D. (2003). Introduction. Í M. McCaughey og M. D. Ayers (ritstjórar), *Cyberactivism: Online activism in theory and practice* (bls. 1-21). London: Routledge.
- Mehenni, L. B. (2016, 30. apríl). A Tunisian Girl /تونسيّة بنينة. [bloggfærsla]. Sótt af <http://atunisiangirl.blogspot.is>
- Miller, D. (2012). Social networking sites. Í H. A. Horst og D. Miller (ritstjórar), *Digital anthropology* (bls. 146-161). London: Berg Publisher.
- Moore, H. L. (1994). *A passion for difference*. Cambridge: Polity Press.
- Moore, H. L. (1988). *Feminism and anthropology*. Cambridge: Polity Press.
- National Organization for Women. (2016). National organization for women. Sótt af <http://now.org>
- Newsom, V. A. og Lengel, L. (2012). Arab women, social media, and the Arab Spring: Applying the framework of digital reflexivity to analyze gender and online activism. *Journal of International Women's Studies*, 13(4). 31-45. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/1314732801/fulltextPDF?accountid=28822>
- Nobel Women's Initiative. (e.d.). Tawakkol Karman- Yemen, 2011. Sótt af <http://nobelwomensinitiative.org/meet-the-laureates/tawakkol-karman/>

- Ollivier, M., Robbins, W., Beauregard, D., Brayton, J. og Sauvé, G. (2006). Feminist activist online: A study of the PAR-L research network*. *The Canadian Review of sociology and anthropology*, 43(4), 445-462. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/234927315?pq-origsite=gscholar>
- Onyejekwe, C. J. (2011). The Internet: Empowering women? *Pakistan Journal of Women's Studies: Alam-e-Niswan*, 18(2). 54-63. Sótt af <http://search.proquest.com/socialsciences/docview/1016186100/361D8D3B87FC4842PQ/5?accountid=28822>
- Ortner, S. (1974). Is female to male as nature is to culture? Í E. Lewin (ritstjóri), *Feminist anthropology: A reader* (bls. 72-86). Boston: Blackwell Publishing.
- Ortner, S. B. (1995). Resistance and the problem of ethnographic refusal. *Comparative Studies in Society and History*, 37(1). 173-193. Sótt af http://www.jstor.org/stable/179382?seq=1#page_scan_tab_contents
- Parezo, N. J. (1993). Anthropology: The Welcoming science. Í N. J. Parezo (ritstjóri), *Hidden scholars: Women anthropologist and the native American southwest* (bls. 3-37). Albuquerque: University of New Mexico Press.
- Radsch, C. C. (2012). *Unveiling the revolutionaries: Cyberactivism and the role of women in the Arab uprisings* (Rice University's Baker Institute for public policy). Sótt af <http://bakerinstitute.org/research/unveiling-the-revolutionaries-cyberactivism-and-the-role-of-women-in-the-arab-uprisings/>
- Radsch, C. C. og Khamis, S. (2013). In their own voice: Technologically mediated empowerment and transformation among young arab women. *Feminist Media Studies*, 13(5). 881-890. Sótt af <http://web.a.ebscohost.com/ehost/detail/detail?sid=730ecc2c-bb23-4d52-940c-06629f189c1a%40sessionmgr4002&vid=0&hid=4114&bdata=JnNpdGU9ZWwhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#AN=91735496&db=ufh>
- Rosaldo, M. Z. (1980/2006). The use and abuse of anthropology: Reflections on feminism and cross-cultural understanding. Í E. Lewin (ritstjóri), *Feminist anthropology: A reader* (bls. 107-129). Boston: Blackwell Publishing.
- Sparkes, M. (2014, 23. desember). Internet in North Korea: Everything you need to know. *The Telegraph*. Sótt af <http://www.telegraph.co.uk/technology/11309882/Internet-in-North-Korea-everything-you-need-to-know.html>

Spitulnik, D. (1993). Anthropology and mass media. *Annual Review of Anthropology*, 22, 293-315. Sótt af <http://www.annualreviews.org/doi/abs/10.1146/annurev.an.22.100193.001453?journalCode=anthro>

Townsend, J., Zapata, E., Rowlands, J., Alberti, P. og Mercado, M. (1991). *Women & Power: Fighting patriarchies & poverty*. London: Zed Books.

UnWomen. (1995). The united nations: Fourth world conference on women. Sótt af <http://www.un.org/womenwatch/daw/beijing/platform/media.htm>

Vegh, S. (2003). Classifying forms of online activism: The case of cyberprotests against the World Bank. Í M. McCaughey og M. D. Ayers (ritstjórar), *Cyberactivism: Online activism in theory and practice* (bls. 71-95). London: Routledge.

Wilson Center Home. (2016, 8. mars). Five years after the Arab Spring: What's next for women in the MENA region? Sótt af <https://www.wilsoncenter.org/publication/five-years-after-the-arab-spring-whats-next-for-women-the-mena-region>

Wilson, S. M. og Peterson, L. C. (2002). The anthropology of online communities. *Annual review of anthropology*, 31, 449-467. Sótt af <http://search.proquest.com/docview/199819227/fulltextPDF/89B4309C16DD4C79PQ/13?accountid=28822>

Yazidi, A. (2015). The death of my cousin and the birth of a new Tunisia. Í A. Al-Saleh (ritstjóri), *Voices of the Arab Spring: Personal stories from the Arab revolutions* (bls. 25-33). New York: Columbia University Press.

Pingskjal nr. 971/1995-1996. Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála.